

# SUMARVINNA

Sumir virðast meta ritgerðir eftir því, hvort þær standa í blöðum, tímaritum eða bókum. Ég met þær eftir því, af hve mikilli þekkingu, list og góðgirnd þær eru ritaðar.

## 1

Ferðalagi mínu í sumar geri ég ekki mikið úr. Lengst af hélt ég kyrru fyrir hjá kunningjafólki mínu og athugaði ýmislegt, meðal annars hvílíkir íþróttamenn sumir Íslendingar eru við heyskap. Og stundum horfði ég á skýin, en stundum á jörðina, líkt og Þormóður forðum, og var annars að safna efni í ýmsar ritgerðir, helst heimspekilegs efnis, (því að ég er, eins og ég veit ekki, hvort er til nokkurs að segja Íslendingum, þó nokkurt brot úr heimspekingi og rithöfundi. Hefi ég verið þar við dag og nótt, að læra tókin á að beita þessu máli, sem mér finnst meira um en hvert annarra).

Ég horfði á dimmblá vesturfjöllin við gylltan kvöldhimin, og fann til þess, hversu fagurt getur verið á landi hér, og verður þó ennþá fegra, þegar þær samgöngubætur hafa orðið og landbætur og mannbætur, að hallir með forngöfgum göflum rísa þar upp víða, er áður voru moldarkofarnir, sem hafa farið með svo mikið af atgervi voru.

## 2

Nokkru af tímanum varði ég til jarðfræðisathugana. Ég var m. a. að athuga, hver áhrif fannir hafa á landslag. Nivalgeologi kalla ég það. Eru mér ókunnar útlendar ritgerðir um það efni; en ég sé vel, að þess konar athuganir

geta orðið næsta fróðlegar, þegar rannsaka skal loftlagsbreytingar. Og ferð dálitla fór ég — og með mér kunningi minn, Jón Eiríksson frá Skeið-Háholti, fóstursonur þeirra góðu hjóna þar, Bjarna og Guðlaugar — til að skoða enn Heklu og það eldsvæði. Lærði ég betur að skilja vöxt Heklu en áður; sprungurnar virðast koma þar saman í stjörnu undir, og því er þar aðalgosstaður. Og hætt er við, að glóðin leiti þar á enn, þó að það verði varla í bráð. Gosin 1913 eru aukagos, tappinn í Heklusprungunum líklega orðinn svo mikill og sterkur, að þar er erfitt til útrásar. Slík aukagos hafa áður verið á þessu eldsvæði, og eitt rétt hjá gossprungunni á norður-eldstöðvunum frá 1913. Rauk þar sumstaðar enn, en ekki hefir þar gosið síðan. Ekki heldur á suðureldstöðvunum, sem við komum líka á. Kom þar yfir okkur þoka nokkuð til baga. Heldur ferlegt þykir ferðamanninum og óvistlegt kringum Heklu sumstaðar, þegar þokan færast yfir og rökkva tekur. Væri það efni fyrir skáld að skrifa um slíkt, en ekki fyrir mig. Mitt hlutverk er nokkuð annað: umfram allt að fá ykkur til að skilja sitthvað betur og taka betur eftir. „Jafnan hlýtur illt af athugaleysinu,“ sagði Grettir, og það er víst um það, að margt mundi batna á landi hér við aukna athugasemi. Og nær er mér að halda, að hér á landi væri t. d. mun minna um drepsótt, sem nefnd er lungnabólga — og hefir líklega ekki verið nefnd á þingi í sumar — ef athugasemin væri nokkru meiri. Og íhugasemin. En verulega vel íhugað verður ekki, nema á góðum athugunargrundvelli.

Sumarvinnu hefi ég nefnt grein þessa einmitt af því, að ýmsir munu telja ekki vinnu það, sem ég hefi talsvert ástundað í sumar. En það er að reyna að glöggva mig á einu og öðru með eftirtekt og íhugun. Ég hefi talsvert fengist við að hugsa, og ég held, að það sé of lítið unnið einmitt af þess konar vinnu á landi hér. Hygg ég það eigi drjúgan þátt í því, að þó að ættin sé afbragð og jarðvegurinn á nægilega stórum svæðum víst frábær, býr hér ennþá þjóð í órækt, í landi, sem er í órækt ennþá að mestu. Virðingu fyrir líkamlegri vinnu skortir mig ekki og því þoli, sem hefir verið hér sýnt

við líkamlega áreynsiu. Og hefði ávöxturinn af því orðið miklu meiri, hefði ekki skort svo skilning á ýmsu því, sem skilja þarf til þess, að breytt sé meginstefnu til batnaðar. Og býst ég við, að erfitt verði um slíkar stefnubreytingar hjá þjóð, þar sem nokkurs konar refsing liggur við því að hafa það takmark í lífinu, ekki að vera t. d. embættismaður eða verða ríkur, heldur að bæta vit sitt og auka skilning sinn. Vacare bonæ menti kallaði spekingurinn Seneca þess konar lífsstefnu, og án þess að svo sé stefnt af einhverjum, getur ekkert þjóðfélag vel stefnt. En enginn getur tekið þá stefnu, sem ekki hefir þorað að reyna mikið bæði á sál og líkama.

Morgunblaðið, 12. sept. 1915.